



Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2015 - 2016 3. bréf

Kæru nemendur og foreldrar

Nú er september liðinn og október tekinn við. Það má með sanni segja að þessi fíni sumarauki hafi verið kærkominn nú á haustdögum.

Andri Geir Viðarsson iðjuþjálfari er mættur aftur til vinnu í sérdeildinni eftir barnseignarleyfi og Áskell Viðar Bjarnason sem leysti hann af farinn til annarra starfa. Við þökkum Áskeli fyrir samstarfið og óskum honum góðs gengis á nýjum vettvangi. Aðrar breytingar í starfsmannahaldi skólans eru að Þóra Hjörleifsdóttir deildarstjóri yngri deildar er að fara í veikindaleyfi og hefur síðan sagt starfi sínu lausu frá og með 1. desember. Við þökkum Þóru fyrir vel unnin störf í þágu skólans og óskum henni velfarnaðar.

Í þessum mánuði verður nokkuð af óhefðbundum skóladögum og fríum hjá nemendum.

Viðtalsdagar eru þriðjudaginn 20. október og miðvikudaginn 21. október. Skipulagsdagar verða svo fimmtudaginn 22. október og föstudaginn 23. október. Þá er frí hjá nemendum og frístund lokað. Þessa daga mun starfsfólk skólans fara í námsferð í Borgarfjörð. Mánudaginn 26. október er svo haustfrí. Á morgun þann 2. október er skipulagsdagur og frístund opin til kl. 13.00.

Nú er dúkur kominn á kjallarann og þá má byrja að flytja bókasafnið og tölvustofuna niður. Þetta er búið að vera langt ferli sem fer senn að ljúka og það verður gaman að fá allt þetta mikla pláss aftur.

Framkvæmdir á svæðinu ofan við skólann fara nú að hefjast. Ákveðið hefur verið að leggja göngustíg meðfram sparkvellingum, gera hól, og ýmislegt fleira. Vonandi verður hægt að segja meira frá þessu í næsta fréttabréfi.

Nýskipað skólaráð hélt sinn fyrsta fund þann 30. september. Á heimasíðunni undir flípanum skólinn/skólaráð má nálgast fundagerðir og netföng fulltrúanna. Við hvetjum ykkur til að senda okkur í ráðinu línu ef þið hafið einhverjar hugmyndir eða ábendingar um skólastarfið því saman lærum við og náum árangri.

Með bestu kveðju úr skólanum

Ólöf Inga



Október mánuður er tileinkaður virðingu:

Í Síðuskóla sýnum við virðingu með því að vera kurteis og koma vel fram við alla í orði og verki. Við virðum okkur sjálf, aðra og umhverfið.

Regla mánaðarins:

Við erum kurteis og jákvæð



Lykilhæfnipættir sem verða metnir hjá nemendum þetta skólaár eru:

- ♦ Virkni í samvinnu
- ♦ Prautseigja
- ♦ Sjálfstæði og ábyrgð
- ♦ Tjáning og miðlun upplýsinga

Á döfinni í október:

2. okt.	Skipulagsdagur. Haustþing kennara. Lokað í Frístund frá kl. 13.00
6.-15.okt.	Foreldrar skrá sig í viðtöl á Mentor
8. -15.okt.	Frammistöðumat opnar 8.okt kennarar og nemendur/foreldrar meta. Frammistöðumati verður lokað þann 15. okt.
20. –21. okt	Foreldraviðtöl í 1. - 10. bekk
22.– 23. okt.	Skipulagsdagar
26. okt.	Haustfrí

Ábyrgðarmaður: Ólöf Inga Andrésdóttir

Skólaráð Síðuskóla veturinn 2015-2016

Ólöf Inga Andrésdóttir skólastjóri

Helga Lyngdal kennari

Sigurður Arnarson kennari

Svava Svavarsdóttir ritari

Sigríður Jóna Ingólfssdóttir foreldri

Ásdís Elva Helgadóttir foreldri

Heimir Eggerz foreldri

Fulltrúar nemenda í skólaráði eru:

Hulda Margrét Sveinsdóttir 10. bekk

Elisabeth Ása Eggerts Heimisdóttir 10. bekk

Stjórn FOKS veturinn 2015-2016 skipa:

Heimir Eggerz formaður

Sigmundur Guðni Sigurðsson gjaldkeri

Monika Stefánsdóttir ritari

Dísa Hrönn Kolbeinsdóttir

Fanney Kristinsdóttir

Guðrún Þorsteinsdóttir

Magnús Örn Friðriksson

Magnea Guðrún Karlsdóttir fulltrúi kennara.

Nemendaráð 2015-2016

10. SJ

Hulda Margrét Sveinsdóttir, fomaður og fulltrúi í skólaráði

Varamaður: Ágústa Dröfn Pétursdóttir

10. SS

Linda Rós Hjálmarsdóttir, ritari

Varamaður: Elisabeth Heimisdóttir, fulltrúi í skólaráði

9. B

Hugrún Magnúsdóttir

Varamaður: Jóhanna Heimisdóttir

9. B

Guðni Sveinsson

Varamaður: Sindri Sigurðarson

8. HK

Eva Björk Hilmarsdóttir

Varamaður: Sigfús Fannar Gunnarsson

8. SA

Róbert Orri Gautason, varaformaður

Varamaður: Birgitta Rún Steingrímsdóttir

7. HL

Tryggvi Snær Hólmgrímsson

Varamaður: Alexander Örn Ómarsson

7. SEB

Halldór Birgir Eydal

Varamaður: Ragnheiður Rós Kristjánsdóttir

6. HB

Kristlaug Eva Wium

Varamaður: Mikael Markússon

6.HGJ

Aron Daði Björnsson

Varamaður: Sigrún Lilja Jóhannsdóttir



Síðustu misseri hefur farið fram endurskoðun á punktakerfi í grunnskólum bæjarins. Þetta var gert svo reglur væru sambærilegar eftir skólum. Breyting frá okkar gamla kerfi er ekki mikil en kynnið ykkur þetta endilega og fylgist vel með punktastöðunni hjá ykkar barni/börnum sem umsjónarkennarar senda heim yfirlit yfir ástundun í lok hverrar viku í gegnum Mentor.

Ástundun nemenda í Síðuskóla

- 1. Nemandi byrjar með ástundunareinkunnina 10 við upphaf skólaárs.
- 2. Óheimil fjarvist og óstundvísi gefa ákveðinn fjölda punkta sem segir til um ástundunareinkunn við lok annar.

Punktar eru gefnir sem hér segir:

- 1. Óheimil fjarvist í kennslustund gefur 4 punkta.
- 2. Að mæta of seint gefur 1 punkt. Komi nemandi 20 mínútum of seint eða meira fær hann fjarvist fyrir kennslustundina.

Punktar á skólaönnn:

Punktar	Einkunn	Punktar	Einkunn
0-2	10	19-20	5,5
3-4	9,5	21-22	5,0
5-6	9,0	23-24	4,5
7-8	8,5	25-26	4,0
9-10	8,0	27-28	3,5
11-12	7,5	29-30	3,0
13-14	7,0	31-32	2,5
15-16	6,5	33-34	2,0
17-18	6,0	35-36	1,5
		37 og fleiri	1,0

Umsjónarkennari upplýsir nemanda /foreldra vikulega um punktastöðu þeirra með því að senda ástundun til foreldra í gegnum Mentor.is. Ef nemandi/foreldri gera ekki strax athugasemdir við ástundunarfærsluna skoðast hún samþykkt.

- ☐ Ef nemandi er kominn með 10 punkta eða einkunnina 8 ræðir umsjónarkennari við nemandann og gerir athugasemd þegar ástundun er send heim.
- ☐ Ef nemandi er kominn með 14 punkta eða einkunnina 7 er hringt í foreldra/forráðamenn og þeir upplýstir og lausna leitað.
- ☐ Ef nemandir er kominn með 18 punkta eða einkunnina 6 eru foreldrar boðaðir til fundar með umsjónarkennara og stórnenda þar sem í sameiningu er leitað að leiðum til úrbóta og gert samkomulag sem allir aðilar undirrita.
- ☐ Ef nemandi fær 26 punkta og er kominn með einkunnina 4 er málinu vísað í nemendaverndarráð skólans sem tekur ákvörðun um frekari úrræði. Niðurstaða skráð í Mentor.

Hækkun á ástundunareinkunn


Einu sinni í mánuði getur nemandi, með samþykki foreldra, sótt um hækkun ástundunareinkunnar til umsjónarkennara. Nemandi fær þá eyðublað sem fylla á út og getur hann óskað eftir að fá ástundunareinkunnina hækkaða.



Mynd úr heimilis-
fræðitíma hjá 6.bekk

Þótt sveitamúsinn væri feimin að eðlisfari opnaði hún hjarta sitt og hirslur fyrir gömlum vini. Það var engin sú tunna sem hún ekki veitti aðgang að – baunir og korn, ostur, hnetur og skófir – til að geðjast borgarmúsinni.

Úr dæmisögum Espós



MATSEÐILL OKTÓBERMÁNAÐAR

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
			1.	2.
			Fiskur í ofni, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	Skipulagsdagur
5.	6.	7.	8.	9.
Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð, ávextir	Hakkað buff, kartöflur, rauðkál, sósa	Gratineraður fiskur, kartöflur, ferskt grænmeti, ávextir	Kjúklingur, hrísgrjón, maísbaukir, sósa	Skyr, smurt brauð, ávextir
12.	13.	14. Val nemenda:	15.	16.
Steiktur fiskur, kartöflur, ferskt grænmeti, st. laukur, ávextir.	Soðnar kjötbollar, kartöflur, hvítkál, gulrætur, feiti.	Marglitt pasta, sósur, grænmeti	Pottréttur, hrísgrjón, snittubrauð,	Fiskibuff, kartöflur, ferskt grænmeti, st. laukur, ávextir
19.	30.	21.	22.	23.
Fiskur í ofni, kartöflur, ferskt grænmeti, ávextir	Viðtöl í 1.—10. bekk	Viðtöl í 1.—10. bekk	Skipulagsdagur	Skipulagsdagur
26.	27.	28.	29.	30.
Haustfrí	Grilluð bleikja, kartöflur, ferskt frænmeti, ávextir	Soðinn lambsbógur, kartöflur, hrísgrjón, karrýsósa	Heilhveitisteiktur fiskur, kartöflur, grænmeti, laukur, sveppir	Súpa, brauð, ávextir